

**SVP**Samtök
verslunar og
þjónustu*Alþingi*
Erindi nr. P 139/2356
komudagur 10. 5. 2011

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

9. maí 2011

Efni: frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán, með síðari breytingum

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og vilja koma á framfæri nokkrum almennum atriðum er varða „greiðslumat“ og framkvæmd þess. Frumvarpið tekur mið af tilskipun nr. 2008/48/EB hvað varðar greiðslumat, en í tilskipun þessari segir að greiðslumat skuli ávallt fara fram áður en samningsgerð um neytendalán lýkur. Mikilvægt er að hafa í huga að í ofangreindu frumvarpi er aðeins gerð minniháttar breyting á 2. grein laganna, en verði frumvarpið samþykkt mun „lánessamningar sem gilda skemmri tíma en þrjá mánuði og greiða þarf óverulegan kostnað af“, og ennfremur „lánessamningar sem fela í sér endurgreiðslur án vaxta og kostnaðar“ verða áfram undanþengir lögum um neytendalán. Þetta þýðir í raun að verslunar- og þjónustuaðilar geta sem fyrr boðið neytendum upp á skiptingu greiðslu yfir nokkurra mánaða tímabil án þess að greiðslumat fari fram.

Almenn skylda til að framkvæma greiðslumat áður en ákvörðun um lán er tekin er af hinu góða. SVP vilja hins vegar minna á að verslanir og þjónustufyrirtæki hafa til langs tíma boðið viðskiptavinum sínum að skipta greiðslum yfir stutt tímabil, yfirleitt frá þremur til tólf mánaða, og jafnvel lengur. Sbr. að ofan þá ná lög um neytendalán ekki yfir skiptingu greiðslu sem greiðist á innan við þremur mánuðum sem og ef af skiptingu greiðslu hlýst óverulegur kostnaður. Nokkuð mismunandi er hvort greiðsluskipting er vaxtalaus eða með minniháttar kostnaði fyrir neytandann. Almennt virðast fyrirtæki þó bjóða vaxtalausar greiðslur og mikilvægt er að slíkt svigrúm verslana verði áfram sem mest svo verslun megi vaxa of dafna.

**SVP**Samtök
verslunar og
þjónustu

Með tilliti til framtíðarlagasetningar um neytendalán sem og m.t.t. fyrirhugaðrar reglugerðar um tilhögun greiðslumats, sbr. ofangreint frumvarp og tilskipun 2008/48/EB, er því mikilvægt að ekki verði hróflað frekar við meginundanþágu laga nr. 121/1994 um neytendalán, sem fram kemur í 2. gr. laganna.

F.h. SVP

Andrés Magnússon